

126
8. des.

REGLUGERÐ

um innkaupsreikninga yfir aðfluttan varning.

1. gr.

Öllum vörum, sem fluttar eru hingað til lands, skulu fylgja innkaupsreikningar yfir þær, og ber að sýna þá hlutaðeigandi tollyfirvaldi eða póstmanni áður en vörurnar eru afhentar.

2. gr.

Á innkaupsreikningum skal tilgreint verð varanna kominna um borð í skipið, sem flytur vörurnar hingað til lands. Af þessu leiðir, að ef vara er seld „flutningsfrítt“ („cf“) ber að tilgreina sérstaklega á innkaupsreikningnum flutningsgjaldið fyrir vöruna með skipinu, sem flytur vöruna hingað til lands, að ef vara er seld „cif“ (cost, insurance, freight) ber ekki aðeins að tilgreina sérstaklega á reikningnum flutningsgjaldið með nefndu skipi, heldur og váttryggingariðgjaldið, sem greiða ber eða greitt hefir verið vegna flutnings vörunnar með skipinu, sem flytur vöruna til íslenzkrar hafnar, og loks, að ef vara er seld „afhent“ eða „frítt“ (franko) á tiltekinn stað hér á landi, ber að tilgreina á innkaupsreikningum þann kostnað, sem sendandi hefir greitt vegna flutnings vörunnar með skipinu, sem flytur vöruna hingað til lands.

Jafnan ber að tilgreina nákvæmlega á innkaupsreikningi hvernig vara er seld og á hvaða höfn eða stað, t. d. cif Reykjavík.

3. gr.

Tilgreina skal skýrt og greinilega á innkaupsreikningunum nöfn vörutegunda þeirra, sem hann ræðir um, og verðið á hverri einstakri vörutegund, bæði einingar og heildarverð. Svo skal og í þeim greint í hverri mynt er reiknað. Allir töluliðir reikninganna skulu lagðir saman og aðalupphæð þeirra skýrt tilgreind. Nota má stafi og verðskrárnúmer jafnframt vörutegundarheitum, en bannað er með öllu að nota á innkaupsreikningum stafi og verðskrárnúmer í stað vörutegundarheita. Innkaupsreikningar skulu einnig skýra greinilega frá tegund, merkjum og númerum á umbúðum vörunnar, svo og frá stykkjatölu hennar og þunga, með og án umbúða (brúttó og nettó þyngd).

4. gr.

Á innkaupsreikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans, um að stykki þau, sem talin eru í reikningunum, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningarnir hljóða um, að allar vörur á reikningnum séu taldar með því verði, sem fyrir þær hefir verið greitt og ber að greiða fyrir þær.

Rétt er að vottorð þetta sé á þessa leið:

Það vottast hér með, að stykki þau, sem tilgreind eru á innkaupsreikningi þessum, hafa ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum eru taldar með því verði, sem þær eru seldar fyrir.

5. gr.

126

8. des.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar móttakanda vörunnar sektum. Reglugerðin öðlast gildi 15. febr. 1938 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 79 21. október 1925, um innkaupsreikninga fyrir erlendan varning.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögunum um verðtoll, vegna framkvæmdar á þeim lögum, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1937.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

127

8. des.

um skemmtanaskatt.

1. gr.

Til þess að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hvenær hún skuli haldin. Í Reykjavík þarf einnig leyfi tollstjóra til þess að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að.

Einnig þarf leyfi nefndra yfirvalda til þess að halda dansleiki, enda þótt ekki sé seldur aðgangur að þeim.

Eigi þarf leyfi til að halda hverja einstaka skemmtun, sem kvikmyndahús og aðrar skemmtistofnanir, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, stofna til.

2. gr.

Lögreglustjóri getur gert það að skilyrði fyrir veitingu leyfis til skemmtanahalds, að ekki annist aðrir dyravörzlu að skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða stimplaðan skemmtanaskattstimplinum (sbr. 4. gr.), að þeir skuli afhenda lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, alla þá aðgöngumiða, sem þeir taka á móti við innganginn, og að þeir skuli gæta þess, að ekki sé farið í kringum skemmtanaskattslögin, t. d. með því, að gert sé að skilyrði fyrir aðgöngu að skemmtun, að menn greiði félagsskírteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar.

Ennfremur má lögreglustjóri binda leyfi því skilyrði, að sá, er fyrir skemmtun stendur, geri þær ráðstafanir til að halda þar uppi reglu og velsæmi, sem lögreglustjóri telur fullnægjandi, og beri kostnað af þeim.

3. gr.

Aðgang að skemmtunum má ekki selja án þess að aðgöngumiðar séu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fullt andvirði þeirra.

4. gr.

Aðgöngumiðar að skemmtunum skulu stimplaðir með þar til gerðum stimpli og kallast hann í reglugerð þessari skemmtanaskattstimpill.

Stimplun aðgöngumiða skal annaðhvort fara fram í skrifstofu lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, eða í prentsmiðju. Ef stimpla á í prentsmiðju, semur lögreglu-